

Nd.

119. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og á l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. komi:

Hafi þingflokkur eigi tilnefnt þá tölu þingmanna, er honum ber, úrskurðar forseti, hverjir þingmenn úr flokknum skuli rétt kjörnir til efri deildar, og verður sá úrskurður eigi borinn undir atkvæði þingmanna.